

Jafnréttisáætlun Lundarsels

Jafnréttisáætlun Lundarsels

Jafnréttisáætlun Lundarsels á við starfsfólk, börn og foreldra leikskólans. Hún nær til jafnréttis kynjana samkvæmt lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, auk þess sem hún tekur til annarra skilgreindra hópa sbr. jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga nr. 11/1993. Hún tekur einnig mið af Jafnréttisstefnu Akureyrarbæjar 2011

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna“

Lögð er áhersla á að komið sé fram við allt fólk af virðingu og á uppbyggilegan hátt og lagst gegn hvers konar einelti. Lögð er áhersla á að í leikskólanum sé unnið gegn viðhorfum sem leitt gætu til aðstöðumunar vegna kyns, kynþáttar, trúabragða, uppruna, fötlunar og kynhneigðar.

Jafnréttisáætlun Lundarsels er kynnt fyrir starfsfólki þegar það hefur störf í Lundarseli. Stefnan er í starfsmannahandbók Lundarsels og á heimasíðu Lundarsels. Foreldrar fá upplýsingar um áherslur og stefnu leikskólans um jafnrétti kynjana. Til að viðhalda jafnréttisstefnu leikskólans er amk. einn starfsmannafundur á ári tileinkaður jafnréttisumræðu. Jafnréttisstefna leikskólans er endurskoðuð á þriggja ára fresti.

Forsendur jafnréttisáætlunar Lundarsels eru:

Að stuðla að jafnrétti kynjana og leggja grunn að velferð einstaklinga, barna, fjölskyldna, atvinnulífs og samfélagsins alls. Lýðræði er mikilvægt og þess ber að gæta að þátttaka beggja kynja í stefnumótun og ákvarðanatöku sé jöfnust og sjónarmiðum þeirra gert jafn hátt undir höfði. Samfélagið þarf á starfskröftum beggja kynja að halda og mikilvægt er að leikskólinn stuðli að því að kynin hafi jafnan rétt í samfélaginu sem hefur áhrif á hag og vellíðan fjölskyldna og annarra einstaklinga.

Stefna Lundarsels í jafnréttismálum:

Við stuðlum að og ýtum undir jafnrétti kynjana á sem fjölbreyttastan hátt. Við komum fram við alla, kennara, börn, starfsmenn og foreldra með virðingu. Sýnum traust og trúnað, hlýlegt og glaðlegt viðmót og kurteisi. Við stuðlum að og ýtum undir að þess sé gætt að jafnrétti ríki í öllu starfi leikskólans. Kynjasambætting er höfð að leiðarljósi í allri skipulagningu og í stefnu leikskólans. Við leggjum áherslu á jákvætt og gott andrúmsloft sem hvetur til samráðs og góðra skapandi verka.

Kennarar og aðrir starfsmenn

- Jafnrétti sé gætt í sambandi við ábyrgð og þátttöku starfsmanna í starfshópum, greiða skal jöfn laun og tryggja sömu kjör fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.
- Gæta skal að því að auglýsingar og kynningarefni skólans höfði til beggja kynja.
- Stuðla að því að jafna hlutfall kvenna og karla í hinum ýmsu störfum innan skólans, eins og hægt er.
- Við leggjum áherslu á að allir fái að nýta hæfni sína og efli kunnáttu sína.
- Við leggjum áherslu á jákvæðan og góðan starfsanda þar sem öll störf njóta viriðingar. Við komum fram við alla, kennara, börn, starfsmenn og foreldra með virðingu. Sýnum traust og trúnað, hlýlegt og glaðlegt viðmót og kurteisi.

Jafnréttisáætlun Lundarsels

- Jafnrétti kynjana er tryggt með því að bæði kynin fá jöfn tækifæri til áhrfia og þátttöku í samfélaginu.
- Við leggjum áherslu á afnám staðalímynda kynjana með jafnri þátttöku beggja kynja.
- Tryggt er að að kennarar og aðrir starfsmenn hljóti fræðslu um jafnréttismál.
- Tryggt er að jafnréttissjónarmiða sé gætt við stöðuveitingar.
- Leitast skal við að jafna hlutfall kvenna og karla í starfsmannahópnum.

Verkefni: Ávallt skal unnið að því að jafna kynjahlutfall í starfsmannahópnum þegar ráðið er í störf í leikskólanum. Bæði karlar og konur eru hvött til að sækja um. Standi valið milli jafnhæfra umsækjenda af gagnstæðu kyni skal sá ráðinn sem er af því kyni sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein hjá bænum. Vísað er til verklagsreglna vegna ráðninga stjórnenda og annars starfsfólks m.t.t. kynjasjónarmiða um nánari leiðbeiningar. Einnig skal kanna möguleika á sértækum aðgerðum til að rétta kynjahalla í störfum.

Ábyrgð: Stjórnendur.

Mannaráðningar:

Markmið: Konur og karlar skulu hafa sömu möguleika þegar ráðið er í starf í leikskólanum. Þá skulu þeim vera greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt störf.

Aðgerð: Reglulegar launakannanir.

Ábyrgð: Skólastjóri, starfsmannastjóri, launadeild og jafnréttisfulltrúi.

Tímarammi: Launakannanir fara fram samkvæmt samningum Kennarasambands Íslands og Einingar-Iðju.

Endurmenntun/símenntun:

Markmið: Konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar svo og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.

Aðgerð: Stjórnendur skulu stuðla að því að þeir og aðrir starfsmenn njóti sömu möguleika á endurmenntun óháð kyni og starfsaldri.

Ábyrgð: Stjórnendur og leikskólafulltrúi

Tímarammi: Árlega skal meta eftir starfsmannasamtöl vilja starfsfólks til endurmenntunar og reyna eftir fremsta megni að koma til móts við alla.

Launajafnrétti

Markmið með launajafnrétti er að koma í veg fyrir misræmi verði í launum kynjana fyrir samskonar starf. Því er mikilvægt að stjórnendur séu meðvitaðir um þá ábyrgð sína að mismuna ekki kynjunum launalega séð fyrir þau störf sem þau inna af hendi. Allir eiga að hafa sömu réttindi til launa á sínum vinnustað óháð kyni.

Markmið: Að kynin njóti sömu launa fyrir samskonar starf.

Aðgerð: Stjórnendur skulu kynna sér og vera meðvitaðir um viðmið um launakjör kynjana. Svo þau feli ekki í sér mismun þeirra á milli. Þegar starfsmaður er ráðinn í vinnu skal stjórnandi benda honum á að leita upplýsinga um launakjör hjá launafulltrúa.

Ábyrgð: Stjórnendur, trúnaðarmenn og launafulltrúar.

Tímarammi: Tíminn nær yfir það tímabil sem ráðningar standa yfir.

Jafnréttisáætlun Lundarsels

Menntun og skólastarf

Nemendur:

- Tryggt skal að jafnréttissjónarmiða sé gætt við inntöku barna.
- Leikefni og viðfangsefni skulu ekki mismuna kynjunum.
- Kennsluhættir skulu vera fjölbreyttir
- Markvisst skal unnið gegn staðalmyndum stúlkna og drengja.
- Gæta skal jafnréttist í öllu starfi leikskólans.
- Gæta skal þess að bæði kynin fái það sama þegar kemur að ýmsum viðburðum.
- Gætum að því að börnin í leikskólanum átti sig betur á því að allir eru jafnir, strákar og stelpur mega það sem þau vilja – kyn á aldrei að hamla, hefta eða loka á óskir.

Markmið: Kennslu- og námsgögn mismuni ekki kynjunum, kennslu- og námsgögn ali ekki á staðalmyndum, þar sem konur eru sýndar í hefðbundnum kvennastörfum og karlar í hefðbundnum karlastörfum. Undirbúa skal bæði kynin til jafnrar þátttöku í samfélaginu með því að aðgreina ekki staðalmyndir kynjana í starfinu, lestri bóka né annars leikefnis sem notað er í starfinu. Öll börn fá jafnréttisfræðslu þar sem bæði kynin eru undirbúin til jafnrar þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Aðaláherslan hjá okkur er vinna með börnunum í formi umræðna, opna spurninga og allskonar verkefnavinnu um kynin.

Aðgerð: Kennarar og aðrir starfsmenn skulu stuðla að því að aðgreina ekki efnivið né annað sem stuðlar að aðgreiningu kynjana.

Ábyrgð: Stjórnendur, kennarar og starfsmenn.

Tímarammi: Reglulega

Fjölskyldu og atvinnulíf

Í leikskóla er mikilvægt að atvinnurekendur séu með ráðstafanir fyrir starfsfólk til að gera þeim kleift að samræma atvinnu og fjölskyldulíf. Taka skal tillit til starfsmanna hvað varðar sveigjanleika á skipulagi og vinnutíma eins og hægt er. Reyna að koma á mótis við alla á sem farsælastan hátt. Þá skal auðvelda starfsfólki starfsskyldur sínar vegna óviðráðanlegra aðstæðna og gera þeim kleift að samræma fjölskyldulíf og vinnu. Þá er mikilvægt að gera starfsmönnum auðvelt að koma aftur til starfa eftir veikindi eða önnur leyfi.

Markmið Konum og körlum er gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Koma skal á mótis við aðstæður starfsfólks hvað varðar skreppur úr vinnu eða annað sem snýr að fjölskyldulífi eins og hægt er.

Aðgerð: Stjórnendur skulu veita starfsfólki stuðning og leyfi frá vinnu þegar við á og hægt er til að hefta ekki samræmingu fjölskyldulífs.

Ábyrgð: Skólastjórnendur og stjórnendur

Tímarammi: Opinn

Jafnréttisáætlun Lundarsels

Foreldrar

Líta skal á feður og mæður sem jafngild í foreldrasamstarfinu. Beina skal samskiptum og orðum jafnt til feðra og mæðra þegar um sameiginlegt forræði barns er að ræða, hvort sem foreldrar eru í sambúð eða ekki.

Verkefni: Stuðla skal að jafnvægi sé í samskiptum við foreldra barnanna. Öll bréf sem fara til foreldra skulu stíluð á báða foreldra og einnig þegar boðað er í foreldrasamtöl. Vegna veikinda barna skal hafa samband annað hvort með að hafa jafnt samband við foreldra eða það foreldri sem óskar eftir að haft sé samband við t.d. vegna vinnuástandna foreldra.

Markmið: Starfsfólk skólans óháð kyni sé auðveldað að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Aðgerð: Bæði kyn eru hvött til að nýta fæðingarorlof og að skipta með sér heimaveru vegna veikinda barna.

Ábyrgð: Skólastjórar

Tímarammi: Í starfsmannaviðtölum.

Börn

Í upphafi skólagöngu barnsins hefst forvarnarstarf gegn einelti með opnum og jákvæðum samskiptum á milli heimilis og skóla. Samskipti barna innbyrðis og hvernig þeim er háttað skipar stórt hlutverk í forvarnarstarfi gegn einelti. Öll áhersla á vináttu og vinatengsl er mikilvæg. Þá er áhersla leikskólans á uppbyggingu jákvæðrar sjálfsmyndar barns mikil forvörn því ef barnið hefur sterka sjálfsmynd ætti það að vera betur í stakk búið ef það lendir í eða verður vitni að einelti. Þá er SMT og “Stig af stigi” gott kennsluefni til forvarna því þar gefst börnum tækifæri til að æfa og tileinka sér færni í mannlegum samskiptum og læra jafnframt að bera þá virðing fyrir öðrum að þau taki ekki þátt í einelti.

Hlutverk kennara sem fyrirmynd skiptir öllu máli, bæði hvað varðar viðhorf, framkomu og viðbrögð við einelti. Kennarar skulu ávallt vera vakandi fyrir samskiptum barnanna því einelti byrjar oft í smáum og duldum atvikum sem geta vaxið ef ekki er brugðist fljótt við þeim.

Einelti getur verið þegar:

- Barn eða börn leggja barn í einelti
- Kennari leggur barn í einelti
- Foreldrar og þeirra barn leggur barn í einelti
- Starfsmaður/starfsmenn leggja starfsmenn í einelti

Markmið með eineltisforvarnastefnu Lundarsels er að stöðva einelti ef það kemur upp með því að:

- Starfsmenn þekki einelti þegar það á sér stað.
- Starfsmenn kunni að uppræta eða vinna með eineltismál, ef þau koma upp

Verkefni: Stuðla skal að því að stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn skólans fái fræðslu um einelti.

Ábyrgð: Skólastjórar, leikskólafulltrúi og starfsmannastjóri

Tímarammi: Regluleg fræðsla

Forvarnir

Jafnréttisáætlun Lundarsels

Kynferðisleg áreitni og einelti líðst ekki í Lundarseli og á það við um alla, jafnt börn sem fullorðna. Þegar ráðið er í störf innan leikskólans skulu stjórnendur kynna eineltisstefnu skólans fyrir starfsmanninum, hún er í starfsmannahandbók. Stjórnendum ber skylda að vera meðvitaðir um og upplýsa starfsmenn að kynferðislegt/kynbundið áreiti líðst ekki á vinnustaðnum. Verði einhver fyrir slíkri framkomu hefur sá hinn sami rétt til að tilkynna háttsemina til skólastjóra, viðkomandi deildarstjóra eða skólaskrifstofu. Stjórnendur skulu reglulega halda fræðandi og hagnýtar umræður fyrir starfsfólk sem stuðlar að fyrirbyggjandi áreiti bæði hvað varðar börn og fullorðin. Þá skulu stjórnendur stuðla að því að vera í góðu sambandi við starfsfólkið því þannig má koma í veg fyrir að einelti í hvaða mynd sem er eigi sér stað.

Kynferðislegt áreiti sbr. lög um jafna stöðu og jafna rétt kvenna og karla nr. 10/2008,2.gr
„Hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi kynferðisleg hegðun sem er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt“

„Í febrúar 2008 voru samþykkt jafnréttislög þar sem fram koma að kynbundið áreiti væri ólöglegt á Íslandi. Kynbundið áreiti er hvers kyns ósanngjörn eða móðgandi hegðun sem tengist þeim sem fyrir henni verður og er í óþökk þess einstaklings. Auk þess hefur það áhrif á sjálfsvirðinguna, þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt atvik getur talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt. „

Markmið: Kynferðislegt/kynbundið áreiti er ekki liðið innan leikskólans.

Aðgerð: Stuðla skal að því að stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn skóla fái fræðslu um kynferðislegt/kynbundið áreiti.

Ábyrgð: Skólastjórnendur og leikskólafulltrúi.

Tímarammi: Fræðsla í formi námskeiða eða fyrirlestra.

Í vinnuverndarlögum nr. 46/1980 er getið um að atvinnurekandi skuli tryggja að gætt sé fylsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Undir þessa skilgreiningu laganna fellur einelti.

Einelti er endurtekið andlegt og/eða líkamlegt ofbeldi þar sem einn eða fleiri veitast að einhverjum einstaklingi. Einelti getur einnig verið að finna í vinnuskipulagi skólans. Einelti gerir lífið á vinnustaðnum illþolanlegt eða óbærilegt fyrir starfsmanninn, dregur úr starfsorku og hefur slæm áhrif á starfsandann.

Verði einhver fyrir slíkri framkomu hefur sá hinn sami rétt til að tilkynna háttsemina til skólastjóra, öryggisvarðar eða öryggistrúnaðarmanns og munu þeir aðilar aðstoða starfsmanninn við að leita réttar síns og sinna úrlausn málsins í samvinnu við þolanda, geranda/gerendur og sérfróða aðila ef þurfa þykir.

Í Reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustað nr. 1000/2004 er einelti skilgreint á eftirfarandi hátt:

„ Ámælisverð eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim

Jafnréttisáætlun Lundarsels

sem hún beinist að. Kynferðisleg áreitni og annað andlegt eða líkamlegt ofbeldi fellur hér undir. Hér er ekki átt við skoðanaágreiningu eða hagsmunaárekstur sem kann að rísa á vinnustað milli stjórnanda og starfsmanns eða tveggja eða fleiri starfsmanna enda leiði slíkur skoðanaágreiningur eða hagsmunaárekstur ekki til þeirrar háttsemi sem lýst er hér að framan.“

Samkvæmt reglugerð 1000/2004 skulu skólastjórnendur bera ábyrgð á að upplýsa starfsfólk um að einelti eða önnu ótilhlýðileg háttsem er óheimil á vinnustað.

Verði einhver fyrir slíkri framkomu hefur sá hinn sami rétt til að tilkynna háttsemina til trúnaðarmanns, deildarstjóra, skólastjóra, skóladeildar Akureyrarbæjar eða starfsmannastjóra Akureyrarbæjar og munu þeir aðilar aðstoða þolandann við að leita réttar síns og sinna úrlausn málsins í samvinnu við þolanda, geranda/gerendur og sérfróða aðila ef þurfa þykir.

Leikskólinn Lundarsel vinnur eftir ákveðnu ferli við úrlausn eineltismála. Lundarsel vinnur eftir stefnu Akureyrarbæjar í sambandi við einelti. Einnig er til áætlun sem varðar börnin sem allir kennarar/starfsmenn eiga að vinna eftir ef einelti kemur upp. Hvert mál er einstakt og unnið er samkvæmt því.

Markmið: Með eineltisforvarnarstefnu Lundarsels er fyrirbyggt einelti með því að:

Aðgerð: Starfsmenn þekki einelti þegar það á sér stað.

Ábyrgð: Skólastjórnendur og starfsmenn kunni að uppræta eða vinna með eineltismál, ef þau koma upp.